

hefði heimild til að hafa húsnæðið á leigu samkvæmt samningi við erfingja dánarbúsins. Hins vegar kveðst stefndi hafa heyrt ávæning af þessu frá öðru fólki. Hann man þó ekki, hvenær það var fyrst né frá hverjum, en kveður það hafa verið löngu eftir að kaupin fóru fram.

Álíta verður, að samþykki það til leiguafnota stefnanda að húsnæðinu að Hverfisgötu 32 A, sem erfingjar dánarbúsins veittu á skiptafundinum hinn 23. apríl 1945, sé þess eðlis, að nauðsynlegt hafi verið að þinglýsa því til þess að veita því gildi gagnvart grandlausum kaupanda eignarinnar. Þar eð skiptagerð sú, sem geymir fyrrnefnt samþykki, var ekki afhent til þinglýsingar fyrr en 11. desember 1950 og stefnandi hefur ekki leitt rök að því, að stefndi hafi vitað um fyrrnefnt samþykki, þá ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Lúðvig Eggertsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Jakobs Guðmundssonar, en málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 29. janúar 1955.

Nr. 158/1954. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Katli Hlíðdal Jónassyni (Magnús Thorlacius).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Sveinbjörn Jónsson hrl.

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ketill Hlíðdal Jónasson, greiði allan áfrýj-unarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutnings-laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Í upphafi bókonar á vætti vitna í máli þessu segir, að vitni lýsi málsatvikum svo sem í lögregluskýrslum greinir. Slík tilvísun til lögregluskýrslna verður að teljast andstæð fyrirmælum og tilgangi 73. gr. laga nr. 27/1951. Með þessari athugasemd er ég samþykkur hæstaréttardóminum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 22. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2669/1954: Ákærvaldið gegn Katli Hlíðdal Jónassyni, sem dómtekið var 8. júní s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 11. maí s.l., gegn Katli Hlíðdal Jónassyni bifreiðaviðgerðar-manni, Laugateig 50, hér í bæ, fyrir að hafa um miðnætti sunnu-daginn 31. janúar s.l. ekið bifreiðinni R 4297 eftir atvikum of hratt og ógætilega norður Lönguhlíð í Reykjavík með þeim afleiðingum, að á móts við Úthlíð urðu hjónin Sveinn Jónsson verzlunarmaður og Kristín Ingvarsdóttir, Smiðjustíg 10, fyrir bifreiðinni og slös-uðust, beinbrotnuðu og hlutu fleiri áverka. Telst brot ákærða varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr., bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., umferðarlaga nr. 24/1941, svo og við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr., lögreglu-samþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júlí 1918 að Hlíð í Kirkjuhvammshreppi, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé:

- 1937 Undir rannsókn út af meintum þjófnaði. Fellt niður vegna sannanaskorts.
- 1937 Kærður af Pétri Péturssyni fyrir meint sviksamlegt at-hæfi. Látið falla niður.
- 1938 19/4 Sátt, 30 kr. sekt fyrir að aka leigubifreið til mannflutninga án þess að hafa leyst meirapróf bílstjóra.
- 1946 15/11 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 164. gr. sbr. 167. gr. hegnl. sbr. 1. og 2. gr. sbr. 28. gr. laga nr. 20/1875.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 1. febrúar s.l., kl. 24.00, var tilkynnt á lögreglustöðina, að umferðarslys hefði orðið á Lönguhlíð hér í bæ á móts við gatnamót Úthlíðar, þá rétt áður. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að ákærði í máli þessu hafði ekið bifreiðinni R 4297 norður Lönguhlíð. Er hann nálgadist gatnamót Úthlíðar, voru hjónin Sveinn Jónsson og Kristín Ingvarsdóttir, Smiðjustíg 10, hér í bæ, þar á ferð gangandi áleiðis norður Lönguhlíð vestan megin. Skipti engum togum, að bifreiðinni var ekið aftan á þau. Köstuðust þau bæði í loft upp og lentu til hliðar við bifreiðina vinstra megin. Samkvæmt uppdætti af slysstaðnum stendur bifreiðin R 4297 á Lönguhlíð bein fyrir í götunni, rétt norðan við gatnamót Úthlíðar, vinstra megin við jaðar þess svæðis, sem venjulega er ekið. Aftur af hægra afturhjóli bifreiðarinnar er sýnt hemlafar, sem er rúmur meter á lengd. Um 4 metra frá bifreiðinni, til vinstri hliðar á móts við vélarhús hennar, er sýnt, hvar framangreindur Sveinn lá, að slysinu afstöðnu. Og um 4 metrum aftar í beina stefnu er sýnt, hvar kona hans var. Er slysið varð, var myrkur, slydda og færi blautt. Yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, er malborið, fast og slétt. Raflýsing í götunni, þar sem slysið varð, er slæm. Við skoðun á bifreiðinni R 4297 kom í ljós, að er henni var ekið norður Lönguhlíð með 15 mílna hraða og hún stöðvuð með fóthemlum, þá rann hún áfram 3,5 m. Gatan er nokkuð hál vegna ísingar. Voru bæði hand- og fóthemlar bifreiðarinnar í fullkomnu lagi. Enn fremur stýrisútbúnaður, ljós, hljóðhorn og glerþurrkur. Bifreiðin er af gerðinni Chevrolet, smíðaaár 1952, með vinstri hliðar stýri. Við slysið hafði vélarhlíf og vinstri afturhlíf dældazt og vinstri framhurð skemmt litillega.

Sveinn og kona hans voru flutt í sjúkrahús vegna meiðsla þeirra, er þau hlutu.

Ákærði, Ketill Hlíðdal Jónasson, hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi komið akandi norður Lönguhlíð með um 25 km hraða, að hann ætlar, er umrætt slys varð. Var hreyfill bifreiðar hans tengdur í þriðja ganghraðastig. Kveðst ákærði nýlega hafa verið búinn að skipta bifreiðinni upp. Dimmviðri var og myrkur, og sá

ákærði skammt fram fyrir bifreiðina. Ákærði ók með lágum ljós-um, en þeirra gætti lítið á blautri götunni. Er ákærði var að koma inn á gatnamót Lönguhlíðar og Úthlíðar, sá hann bifreið koma vestur Úthlíð. Ákærði kveðst hafa lítið að þeirri bifreið andartak, vegna þess að ljós hennar lýstu á hlið bifreiðar hans. Er hann leit fram aftur, sá hann mann og konu, er voru á leið norður Lönguhlíð rétt fyrir framan bifreiðina. Skipti nú engum togum, að bifreiðin lenti aftan á þeim. Um leið og það varð, hemlaði ákærði, en bifreið hans rann áfram um 1 metra eftir það.

Við slysið kastaðist konan upp á vélarhúspak bifreiðarinnar og síðan aftur af því til hliðar og í götuna. Maðurinn kastaðist frá bifreiðinni og til vinstri hliðar. Ákærði fór út úr bifreiðinni strax að slysinu afstöðnu. Lá þá konan vinstra megin við bifreiðina, aðeins aftan við hana miðja, um 2 metra frá henni. Lá hún þversum, og vissi höfuð hennar vestur, en fætur að bifreiðinni. Maðurinn lá um 3 metrum framar, jafnlangt frá bifreiðinni. Lá hann eins í götunni og konan. Konan lá á hliðinni, en velti sér síðan á bakið. Bæði voru þau með meðvitund. Ákærði kveðst hafa ekið vel á sínum vinstra vegarhelmingi, yzt á akbrautinni, að hann segir, er slysið varð. Varð hann ekkert var við fólkið, fyrr en í sömu andránni og bifreiðin lenti á því. Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir kallaður að öllu leyti við aksturinn. Engin bifreið var sjáanleg í nánd, nema bifreiðin, sem var að koma vestur Úthlíð.

Vitnið Sveinn Jónsson, er fyrir slysinu varð, hefur skýrt frá því, að það og kona þess hafi gengið eftir vestari jaðri Lönguhlíðar í norðurátt samsíða, er umrætt slys varð. Kona vitnisins gekk utar á götunni. Vitnið vissi ekki af bifreiðinni R 4297, fyrr en það fékk þungt högg á bakið. Kastaðist það upp á vélarhúspak bifreiðarinnar og stakkt svo niður af því í götuna. Vitnið var töluvert framar en kona þess að slysinu afstöðnu. Voru þau vinstra megin við bifreiðina, nokkuð frá henni. Lá vitnið á hliðinni, en kona þess sat. Vitnið kveðst hafa legið á mótis við afturenda bifreiðarinnar, en kona þess hafi verið 3 metrum aftar en það.

Framburður vitnisins Kristínar Ingvarsdóttur er í öllum verulegum atriðum samhljóða framburði framangreinds vitnis. Vitnið kveður sig og mann sinn hafa gengið eins utarlega á götunni og hægt var, en maður vitnisins var innar. Vitnið vissi ekkert af bifreiðinni, fyrr en henni var ekið á þau. Vitnið veit ekki nákvæmlega, hvernig það kastaðist til, er slysið varð, en það tókst á loft. Að slysinu afstöðnu lá það í götunni vinstra megin aftur með bifreiðinni R 4297, nokkuð frá henni.

Vitnið Hjörtur Jónsson kveðst, rétt áður en umrætt slys varð, hafa komið akandi á bifreið sinni norður Lönguhlíð. Vitnið hafði stöðvað bifreiðina rétt sunnan við gatnamót Úthlíðar, eða framan við húsið nr. 7. Vitnið kveðst fyrst hafa orðið vart við slysið á þann hátt, að það heyrði hemlahljóð, er það var að koma út úr bifreið

sinni. Leit það í þá átt, sem þau komu. Sá það þá, að bifreiðin hafði numið staðar vinstra megin Lönguhlíðar. Er vitnið kom á vettvang, sá það, að maður og kona lágu í götunni vinstra megin við bifreiðina með stuttu millibili. Skyggni kveður vitnið hafa verið mjög slæmt, er slysið varð, og gatan er illa upplýst.

Vitnið Jóhannes Björnsson lögregluþjónn kom á slysstaðinn, rétt eftir að slysið var orðið. Hefur hann ekki getað upplýst frekar um tildrög þess en nú hefur verið rakið.

Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar læknis, dagsettu 4. febrúar s.l., hlutu Sveinn Jónsson og Kristín Ingvarsdóttir þessi meiðsli:

„Þann 1/2 1954, kl. 0.45, var komið á Landsspítalann með sjúkling, sem sagður var heita Sveinn Jónsson, vera fæddur 3. 6. 1918, verksmiðjustarfsmaður, og eiga heima að Smiðjustíg 10, Reykjavík.

Svo var frá skýrt, að sj. hafi þá rétt áður verið á gangi á götu með konu sinni, er bill hafi ekið aftan á þau.

Við komu kvartar sj. aðallega um eymsli í h. kálfa, framan á brjósti og í mjóbaki.

Við rannsókn fannst brot á þvertindum 1.—3. mjóbakslíða.

Sjúklingurinn liggur hér á deildinni. Hann hafði um skeið blóð í þvagi og verk og eymsli samsvarandi til vinstra nýra, sem bendir til þess, að nýrað hafi laskazt, en að svo stöddu er ekki hægt að skýra nánar frá ástandi hans eða horfum.“

„Þann 1. 2. 1954, kl. 0.45, var komið á Landsspítalann með sjúkling, sem segist heita Kristín Ingvarsdóttir, vera fædd 22. 6. 1926, gift verksmiðjustarfsmanni og eiga heima að Smiðjustíg 10, Reykjavík.

Við komu skýrði sjúklingurinn svo frá, að hún hefði verið að ganga á götu með manni sínum, er bill ók aftan á þau.

Við komuna kvartaði sjúklingurinn um mikinn verk í hægra fæti.

Við skoðun fannst opið brot á vinstri fótlegg um miðju, og var beinið allt í smámolum þar. Auk þess voru marblettir á hnénu og kálfanum.

Strax eftir komuna var gert að slysinu með skurðaðgerð, og liggur sjúklingurinn nú á Handlæknisdeildinni.“

Það er nægilega sannað með játningu ákærða og öðru, sem fram er komið í máli þessu, að ákærði ók of hratt miðað við aðstæður í umrætt skipti og sýndi ekki nægilega varúð í akstri, með því að skyggni var slæmt og hann hafði ekki nægt útsýni yfir veginn framundan, en þetta leiddi til þess, að hann ók á þau Svein Jónsson og Kristínu konu hans. Telst ákærði því hafa með gáleysi orðið valdur að meiðslum þeim, er þau hlutu.

Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr., bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., umferðarlaga nr. 24/1941, svo og

við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ketill Hliðdal Jónasson, greiði 3000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kl. 600.00. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 172/1953. **Ákærvaldið** (Theodór B. Línal)

gegn

Guðnýju Jóhannesdóttur

(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Brot gegn 206. gr. alm. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936.

Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúshald.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppögu héraðsdóms. Komu þá fyrir dóm vitnin D og E, sem unnu eið að því vætti sínu, að þær hefðu nokkrum sinnum sumarið 1952 fengið ásamt karlmönnum gegn gjaldi afnot herbergis hjá ákærðu og haft þar samfarir.